

Vesturbæjarblaðið

Dreift frítt í öll hús í póstnúmer 101 og 107

FEBRÚAR 2016



2. tbl. 19. árg.

24
Hagkaup

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi

**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ **564 1433**

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

S
Systrasamlagið

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI
Fyrir neðan sundlaugin og World Class.
Sími: 511 6367

Virka daga: 8:30 - 18
Laugardagar: 10 - 16
sjá nánar á www.facebook.com/Systrasamlagid

- bls. 4-5
**Viðtal við
Ásgeir Jónsson
hagfræðing**

- bls. 6
**Viðtal við
Dögg Hjaltalín**

- bls. 19
KR-síðan



Fristundamiðstöðin Frostaskjól í Vesturbænum hélt nýlega upp á þrjátíu ára afmæli með skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Frostaskjól hóf starfsemi í febrúar 1986 og starfaði fyrstu árin sem félagsmiðstöð með áherslu á forvarnarstarf. Starfsemin hefur undið upp á sig ár frá ári og nú starfa fjögur fristundaheimili og tvær félagsmiðstöðvar undir Frostaskjóli. Um svipað leyti var efnt til mannréttindaviku í Frostaskjóli og var þessi mynd tekin af krökkum og leiðbeinanda í þeirri viku. *Sjá frétt á bls. 12.*

Á Fjórar stórar verslanir undir sama þaki í Örfirisey

Miklar breytingar eru að eiga sér stað í verslunarhúsnæði í Örfirisey þar sem verslanir BYKO og ELKO eru til húsa.

Verslun BYKO mun flytja í vestasta verslunarbil húsnæðisins þar sem timburgeymsla verslunar-

innar var áður en henni verðu nú komið fyrir utan dyra. Við það mun verslun ELKO sem verið hefur baka til fá aukið rými og sér inngang á framhlið hússins. Við hlið ELKO mun Rúmfatalagerinn opna verslun en hann hefur ekki verið

með verslunaraðstöðu í Örfirisey áður. Verslun Krónunnar verður svo áfram á sínum stað í austurhluta hússins. Með þessum breytingum verða fjórar stórar verslanir undir sama þaki við Fiskislóð Örfirisey. *Sjá nánar á bls. 14.*



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavíkur **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP | SÍMI 58 12345

SKAFENNINGUR

Himnasending?

HAPPA
PRENNAN

Skemmtilegt að skafat!

**Gerðu
góðverk
í dag**

907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

**FJALLALAMB
KÖPASKERI**
NORDUR-ÞINGEYSK NÁTTÚRUAFURD

Melabúðin
Þín verslun

Sími 551-0224

Læri og hryggir

fimmtudag - föstudag - laugardag - sunnudag
25. - 28. febrúar, á meðan birgðir endast

á helgartilboði!

Lambalæri úr kjötborði 1.498 kr/kg
Hryggir úr kjötborði 1.998 kr/kg

Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Morgunblaðið

2. tbl. 19. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í póstnúmerum 107 og 101.

S T U T T A R

B O R G A R F R É T T I R



Hagrætt um tæpan 1,8 milljarð

Hagræða á um tæpan 1,8 milljarð í Rekstri Reykjavíkurborgar sem er í samræmi við fjárhags-áætlun og verður heildarkrónutalan sem hagrætt verður fyrir 1.780 milljónir af um 98 milljarða króna rekstri eða 1,82%. Hagræðingin skiptist sem hér segir. Af 8,1 milljarða króna útgjöldum mun íþrótta- og tómstundasvið hagræða um 128 mkr. eða sem nemur 1,6% með eftirfarandi hætti.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir ekki verið að auka við niðurskurð í borginni með þeim tillögum sem ræddar hafa verið í borgarstjórn. Þær séu útfærslur á niðurskurðar- og hagræðingartillögum sem samþykktar hafi verið við afgreiðslu fjárhagsáætlunar þessa árs.



Gagnrýnir forgangsroðun

Halldór Halldórsson oddviti Sjálfstæðisflokks í borgarstjórn gagnrýnir forgangsroðun borgarinnar og segir vel hægt að takast á við niðurskurð í rekstri hennar, án þess að vega að rötum grunnþjónustunnar. „Hluti af þessum hugmyndum snýr að skólunum og grunnþjónustunni. Eðlilega hafa skólastjórnendur og foreldrasamfélagið brugðist við og haft af þessu áhyggjur. Við ætlum auðvitað að standa vaktina með þetta en munum samt sem áður leita leiða til að skera niður í rekstri borgarinnar. Ég tel að það sé mjög víða hægt að takast á við þann niðurskurð án þess að vega að rötum grunnþjónustunnar,“ sagði Halldór í samtali við Reykjavík síðdegis á dögunum.

Ánægja með íbúalýðræði í Reykjavík

Ný skýrsla um íbúalýðræðisverkefnin Betri Reykjavík og Betri hverfi sýnir að Reykvíkingar eru ánægðir með þau en þó er bent á ýmis tækifæri til úrbóta og að auka þyrfti þátttöku með öflugri lýðræðisverkefnum. Í skýrslunni kemur fram að verkefnin Betri Reykjavík og Betri hverfi séu hluti af samfélagsstraumum undanfarinna missera hérlandis og á alþjóðavísu þar sem kallað er á auknið samráð milli íbúa og stjórnvalda við opinbera ákvarðanatöku.

Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen styrkir Hrókinn

Skáfélagið Hrókurinn fékk styrk úr Minningarsjóði Gunnars Thoroddsen upp á 350 þúsund krónur á dögunum. Hrafn Jökulsson, stofnandi og formaður Hróksins tók við styrknum frá Degi B. Eggertssyni borgarstjóra í Reykjavík en borgarstjóri tilnefnir árlega styrkþega sjóðsins. Minningarsjóður Gunnars Thoroddsen var stofnaður af hjónunum Bentu og Valgarði Briem 29. desember 1985 þegar liðin voru 75 ár frá fæðingu Gunnars.

Barnasögur í leikskóla

Hagaskóli fékk hvatningarverðlaunin fyrir verkefnið Barnasögur í leikskóla en í því vinna nemendur í 10. bekk að því að semja og myndskreyta barnasögur fyrir leikskólabörn. Markmiðið með þessu skemmtilega verkefni sem hófst fyrir fjórum árum er að hvetja nemendur í 10. bekk til ritunar og auka samstarf unglinga og leikskólabarna í hverfinu.

Ekki stækkað við Dunhaga

Umhverfis- og skipulagsráð hefur staðfest fyrri afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 15. janúar 2016 að ekki verði byggt við Dunhaga 18 til 20. Ráðið er hlynnt

áformum um að opna verslun að nýju á jarðhæð hússins en leggst gegn stækkun íbúðarhúsnæðisins.

Veitingastaður við Skólavörðustíg

Frestað hefur verið ákvörðun um veitingastað við Skólavörðustíg 21A. Thailenska eldhúsið hefur sótt um leyfi til að innrétta veitingahús í flokki I fyrir 14 gesti og veitingastað í flokki II fyrir 42 gesti á 1. og 2. hæð og breyta skipulagi íbúða á 2. 3. og 4. hæð í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 21A við Skólavörðustíg.

Nýbyggingar

Frestað hefur verið erindi um leyfi til að rífa Tryggvagötu 14 og iðnaðarhús á Vesturgötu 18, endurbyggja framhús á Tryggvagötu 12 og byggja nýbyggingu með bílageymslu fyrir 13 bíla, verslun og þjónustu á götuhæð við Tryggvagötu og neðsta hluta Norðurstígs og hótél í flokki V með 107 herbergjum á efri hæðum á sameinaðri lóð nr. 14 við Tryggvagötu.

Hver ber kostnaðinn af gamla hafnargarðinum ?

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir þingmaður Samfylkingarinnar spurði Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra á Alþingi um hver bæri kostnaðinn af flutningi gamla hafnargarðsins af lóð Hafnartorgs til geymslu og uppsetningu hans á upprunalegum stað að nýju. Í svari ráðherra segir að samkvæmt samkomulagi Minjastofnunar Íslands og Landstólpa þróunarfélags frá því í nóvember sé Landstólpa veitt heimild til að taka hafnargarðinn niður tímabundið og endurhlaða samkvæmt skilyrðum sem tilgreind eru í samkomulaginu. Í svari ráðherra kemur fram að samkomulagið geri ráð fyrir að framkvæmdaöðilinn annist þessar framkvæmdir og ber hann því einnig þann kostnað sem þær hafi í för með sér. Minjastofnun Íslands muni hins vegar bera launakostnað vegna eftirlits stofnunarinnar með framkvæmdum. Gísli Steinar Gíslason stjórnarformaður Landstólpa segir þetta ekki vera rétt hjá ráðherra og vísar til bréfs til ráðuneytisins þess efnis að með inngripi þess með friðun tveggja hafnargarða í grunninum taki stjórnvöld á sig kostnaðinn við það.

Auka þarf tekjur sveitarfélaga

Hagræða á um tæpan 1,8 milljarð í rekstri Reykjavíkurborgar á þessu ári. Flest ef ekki öll sveitarfélög á landinu eru nú að finna út hvernig brugðist verði við hækkunum reksturskostnaðar meðal annars vegna launahækkana sem urðu í kjölfar kjarasamninga á síðasta ári. Menn geta greint á um forgangsroðun og aðferðafræði þegar verkefni á borð við niðurskurð þarf að vinna en vart verður deilt um að jafnvægi þarf að vera í rekstri sveitarfélaga.

Sveitarfélög hafa ekki vald yfir tekjum sínum því tekjustofnar þeirra eru njörvaðir niður með lagasetningum Alþings. Ríkisvaldið ræður því hvað sveitarfélög hafa á milli handa. Tekur þeirra markast annars vegar af útsvari og hins vegar af fasteignasköttum sem eru ákveðnir af ríkisvaldinu.

Þótt tekjur fólks og fasteiganverð hafi hækkað nokkuð og leitt til nokkrar hækkunar þessara tekjustofnanna nægir útsvar og fasteignaskattur engan veginn til þess að standa straum af útgjöldum sveitarfélaga – hvorki Reykjavíkurborgar né flestra annarra.

Sveitarfélögin hafa á undanförunum árum og áratugum verið að taka við rekstri fleiri þjónustupátta af ríkinu. Rekstur grunnskólans var færður sveitarfélögunum á sínum tíma og málefni fatlaðs fólks allnokkru síðar. Sveitarfélögin hafa einnig verið að vænta fleiri verkefna frá ríkinu í líkingu við það sem er í nágrannalöndunum. Að færa þjónustu nær íbúunum og takmarka miðstýringu.

Vandinn við þessar breytingar er hins vegar sá að ríkisvaldið hefur verið mjög tregt til þess að láta nægilegar tekjur fylgja þeim verkefnum sem færð hafa verið. Nú hefur eftir nokkurra ára bið verið samið um greiðslur vegna málefna fatlaðra en flutningi öldrunarþjónustunnar til sveitarfélaganna hefur verið slegið á frest vegna tregðulögmála í ríkiskerfinu og ófyrirséð er á hvers forræði hjúkrunarheimilin verða á komandi árum.

Nú er nýr atvinnuvegur að þenjast út með meiri hraða en bjartrýnustu spámenn ugðu. Mikil fjölgun ferðamannkallar á ýmskonar styrkingu innviða samfélagsins. Mörg þeirra verkefna falla til sveitarfélaga án þess að þau njóti neinna beinna tekja frá þessari atvinnugrein. Ekki hefur reynst unnt að semja um form á greiðslum fyrir náttúruskoðun og ekki heldur tekist að koma hér á sérstöku gistingjaldi (city tax) sem þekkt er víða erlendis og gæti runnið til sveitarfélaganna svo nokkuð sé nefnt. Þá má einnig nefna hugmyndir sem fram hafa komið um að sveitarfélögin fái hlutdeild í veltusköttum – t.d. í virðisaukaskatti til að mæta vaxandi kostnaði vegna verkefna.

Sveitarfélögin hafa mörg verk að vinna – bæði höfuðborgin og önnur. Því er brýnt að leyst verði úr tekjuvandamálinu nú þegar. Þau geta ekki endalaust skorðið niður án þess að það komi niður á þjónustu við íbúana.

Frítt söluverðmat

Reynsla og vönduð vinnubrögð



Hringdu núna.

Davíð Ólafsson

Löggiltur fasteignasali

Sími: 897 1533

david@fr.is



Vesturbæingar



Þarf maður þá að fara að heimta gistináttgjalð.

VILTU PRUFA EITTHVAÐ NÝTT Í VETUR?

KYNNTU ÞÉR SKÍÐA OG FJÖLSKYLDUPAKKA SIGLÓ HÓTELS



ANTON&BERGUR

SIGLÓ HÓTEL

TVEGGJA NÁTTA FJÖLSKYLDUPAKKI

Verð frá 15.790 kr. á mann

(verð miðast við tvo fullorðna og tvö börn undir 16 ára aldri í tvær nætur)

Innifalið: Samtengjanlegt 50 fermetra herbergi með uppábúnu rúmi fyrir allt að fjóra, tveimur sjónvörpum og tveimur baðherbergjum. Möguleiki á tveimur aukarúmum fyrir börn gegn viðbótargjaldi.

TVEGGJA DAGA SKÍÐAPAKKI

Verð frá 24.400 kr. á mann

(verð miðast við tvo fullorðna saman í herbergi í tvær nætur)

Innifalið: tvær nætur fyrir tvo í classic herbergi, morgunverðarhlaðborð og tveggja daga skíðapassi um helgi.

Viltu eitthvað annað eða meira? Hafðu samband og við sníðum pakkann að þínum þörfum.

www.siglohotel.is

Snorragötu 3b • 580 Siglufirði • Sími 461-7730

Peningalegt sjálfstæði er keypt dýru verði

Ásgeir Jónsson hagfræðingur sendi nýverið frá sér bókarkver. Í bókinni eru tvær greinar sem fjalla báðar um eftirmál stórra gjaldþrota. Sú fyrri snýr að gjaldþroti Blöndalsbúðar, stærstu vefnaðarvöruverslunar landsins í Austurstræti árið 1955. Sú síðari lýsir bankahruninu hinu fyrra árið 1930 þegar Íslandsbanki varð gjaldþrota og Útvegsbankinn var stofnaður. Bankahrunið hið fyrra árið 1930 er Íslandsbanki varð gjaldþrota varð tilefni til pólitískrar yfirtöku á bankakerfinu sem var fylgt eftir með setningu fjármagnshafta 1931 og lögsetningu vaxta 1933. Ásgeir spjallar við Vesturbæjarblaðið um þessi mál en einnig nútímann og hvort sambærileg vandamál séu enn að finna í hagkerfinu og öllu þessum tveimur afdrifaríku atburðum á liðinni öld.

En af hverju hugkvæmdist Ásgeiri að fara að kafa ofan í þessi mál. "Það er saga að segja frá því. Ég fékk nokkra árganga af blaðinu Ófeigi hjá vini mínum séra Birni Jónssyni sem var prestur á Húsavík á árum áður en hann hefur löngum fengist við bóksölu. Þar var að finna óvenju vel skrifaðar og skemmtilegar greinar eftir Jónas Jónsson frá Hríflu um íslenska fjármálakerfið þar sem hann meðal annars dregur menn sundur og saman í háði. Hvað sem annars má um Jónas segja verður vart dregið í efla að hann var góður penni - trúlega einn sá besti í sögu íslenskrar blaðamennsku og í þessum greinum í Ófeigi leiftraði af stílvopni hans. Jónas hafði sérlega gaman af því að fjalla um okurlánarana. Frá þeim tíma hefur lítið sem ekkert verið fjallað um þessi mál og mér fannst áhugavert að rifja þessa atburði upp og skoða þá með tilliti til hagfræðinnar."

Tekið var fyrir skuldabréfasölu erlendis

Ásgeir segir að aðdraganda að þessum atburðum megi rekja til þess að Ísland varð frjálst og fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku árið 1918. "Fram til þess tíma vorum við í myntbandalagi með hinum Norðurlöndunum og föst við dönsku krónuna. Við fullveldið varð íslenska krónan sjálfstæð mynt og með mun hærri markaðsvöxtum en þegar landið

var hluti af Danmörku. Ég held að menn hafi ekki skoðað þetta nægilega vel á sínum tíma og hugað að þeim afleiðingum sem þessi breyting – sjálfstæði íslensku krónunnar leiddu af sér. Það var enda svo að aðeins eftir tveggja ári fullveldi varð landið greiðsluþrota árið 1920 og í kjölfarið féll krónan verulega í verði og landið varð að leita til Bretlands varðandi lán á mjög þröngum kjörum. Ein af afleiðingum peningalegs sjálfstæðis var að Danir hættu að kaupa íslensk fasteignaskulda-skuldabréf sem veðlánadeild Landsbankans gaf út. En fram til þess höfðu danskir fjárfestar fjármagnað íslensk fasteignalán. Þetta var alvarlegur missir þar sem þjóðin var fátæk á þessum tíma og innlendir sparnaður lítill sem enginn. Eftir fullveldið urðu því íslensk fasteignabréf nær óseljanleg og það skapaði veruleg vandræði fyrir húsbyggjendur."

Peningaleysi skapaði farveg okurlána

„Ástandið átti enn eftir að versna við upphaf Kreppunnar miklu árið 1930 en þá rataði eini einkabanki landsins – Íslandsbanki – í veruleg greiðsluvandræði. Hann var yfirtekinn af ríkinu og endurreistur sem Útvegsbankinn. Hann féll í hóp með hinum ríkisbönkunum tveimur – Búnaðarbankanum og Landsbankanum. Þessum bönkum var einkum ætlað að þjóna atvinnuvegum eins og heiti þeirra gefa til kynna en alls ekki að veita hinum almenna manni neina þjónustu. Þarna komu sparisjóðirnir til og nokkuð til móts við þær þarfir og einkum á landsbyggðinni fyrir utan Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis síðar SPRON og Sparisjóð Hafnarfjarðar sem störfuðu á höfuðborgarsvæðinu. Þeir voru hins vegar of veikburða til þess að geta komið að fjárfrekum framkvæmdum. Stjórnvöld ákváðu síðan í framhaldi að lækka vexti með handafli að því sem þekktist í Danmörku með lagasetningu 1933. Með þessu voru lögsettir vextir sem voru fyrir neðan markaðsvexti og jafnframt voru ríkisbönkunum þremur fengið það hlutverk að veita niðurgreiddu fjármagni í ákveðna farvegi – til undirstöðuatvinnuveganna, sjávarútvegs og landbúnaðar sem og til landsbyggðarinnar. Eftir stóðu ákveðnir hópar án lánsfjármögnunar – þar á meðal húsbyggjendur og verslunarfyrirtæki. Og þarna



Ásgeir Jónsson hagfræðingur.

var kominn grundvöllur þeirrar starfsemi sem kölluð voru okurlán."

Höft og einangrunarhyggja – engin framþróun

Ásgeir bendir á að þarna hafi orðið annar vendipunktur í lífi þjóðar sem áratug áður hafi fengið fullveldi og reynt að fóta sig á opnum og frjálsum alþjóðamörkuðum. „Eftir þetta urðu höft og einangrunarhyggja ríkjandi. Ekki reyndist unnt að byggja upp grundvöll fyrir peningastjórn í sjálfstæðu myntkerfi og varð árangur landsmanna eftir því. Árið 1918 var íslensk fjármálasaga skilin frá öðrum löndum og nær engin framþróun varð í bankaþjónustu hér á landi fram undir lok 20. aldar. Ísland var þróað land en með mjög vanþróaða fjármálastarfsemi."

Grunnur okurlána – tvær gerðir þeirra

Hvernig varð grunnur okurlánanna til? „Það vantaði peninga til alls og ekki þýddi að fara í banka. Fólk fór að leita til vína og ættingja sem áttu einhverja lausafjármuni. Það þróaðust tvær gerir af okurlánum. Önnur ávöxtunarleiðin fór oftast í gegnum lögfræðiskrifstofur sem voru að kaupa og selja víxla og ýmsir sem töldust eða

Hvert myntsvæði er með sitt eigið vaxtastig sem meðal annars ræðst af verðbólgu, pólitískri áhættu og fleiru. Og allt frá fullveldi hafa vextir hérlandis verið hærri en þekktist í nágrannalöndunum.

töldu sig til góðborgara og höfðu eitthvert fé á milli handa lögðu það í þessa leið. Hin gerð okurlánanna spratt einkum upp af vínbanninu sem þá var ríkjandi. Menn sem höfðu hagnast af sölu spíra og landa fóru að leita leiða til þess að ávaxta afrakstur sinn. Og þá urðu til svokallaðir okurlánarar. Sigurður Berndsen var trúlega þekktastur þeirra sem starfræktu lánastarfsemi af því tagi og þeir voru fleiri. Þessir menn höfðu nef fyrir því hvernig mátti hagnast á lánastarfsemi til einhverra framkvæmda í peningalausum landi."

Búðin rekin á 30 til 60% vöxtum

Ásgeir segir að verslunin hafi til dæmis þurft fé til þess að leysa út vörur. „Í upphafi árs 1955 varð Blöndalsbúðin í Austurstræti í Reykjavík gjaldþrota. Hún hafði verið verið rekin á okurlánum með á bilinu 30% til 60% ávöxtun um tíma. Framkvæmdastjóri búðarinnar mun hafa felst kaup á miklu magni af vörum erlendis frá en síðan gengið erfiðlega að selja þær hér heima og sat því uppi með stóran lager sem hann fjármagnaði með okurlánum. Það gat ekki gengið til lengdar. En þetta leiddi til þess að Alþingi skipaði rannsóknarnefnd til þess að fjalla um okur. Á eftir fylgdu húsleitir, handtökur, og loks voru fjórir menn dæmdir fyrir ólöglega vaxtatöku."

Millistétt var að myndast

Ásgeir segir að á þessum tíma – eftir stríðið hafi millistétt verið að myndast í landinu í kjölfar aukinnar velmegunar. Þetta var fólk sem fékkst við verslun og fleiri atvinnu- og þjónustugreinar sem voru farnar að eflast og því langaði til þess að kaupa sér íbúðir, bíla og svo framvegis en gramdist það sérstaklega að hvergi var aðgang að lánsfé að finna nema þá að leita til okurlánara. Það var í þessu umhverfi sem umræðan um okurlánaranna varð svo hörð. En þrátt fyrir harða þjóðfélagsumræðu eftir gjaldþrot Blöndalsbúðar, rannsóknir á lánastarfsemi og dóma fyrir okur hætti þessi starfsemi ekki og sumir þessara manna lánuðu allt fram á áttunda tug liðinnar aldar eða á meðan þeir drógu andann. Það er ekki að undra því áfram var sami fjármagnsskorturinn til staðar. Um svipað leyti, eða eftir 1955, fóru sparisjóðirnir að taka við sér. Þeir tóku mikinn sprett um og upp úr 1985. Urðu leiðandi að vissu leyti einkum að því sem snerti aukna tækni í bankastarfsemi og einnig í kortaviðskiptum. Þeir áttu sinn blómatíma og um svipað leyti hvarf okurlánastarfsemin af sjónarsviðinu."

Enn ekki hægt að fjármagna framkvæmdir án hárra vaxta

Talið færist nær nútímanum og vaxtarstiginu á Íslandi. Ásgeir segir bein tengsl á milli vaxtarstigsins og krónunnar. „Hvert myntsvæði

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN

Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30

er með sitt eigið vaxtastig sem meðal annars ræðst af verðbólgu, pólitískri áhættu og fleiru. Og allt frá fullveldi hafa vextir hérlandis verið hærri en þekkest í nágrannalöndunum.“ Ásgeir segir að steininn hafi tekið úr eftir 1970 þegar verðbólga hljóp á tveggja stafa tölu og lánsfé brann upp í neikvæðum raunvöxtum. Það var ekki fyrr en með verðtryggingunni 1979 að tókst að koma húsnæðislánakerfinu í sæmilegan farveg þannig að fólk ætti kost á langri fjármögnun..“

Eiga ofurháir nafnvextir að koma stað verðtryggingar

Ásgeir segir að lífeyrissjóðirnir hafi smám saman til sögunnar en það hafi ekki orðið fyrr en með verðtryggingunni að unnt var að fá fjármuni til húsnæðiskaupa m.a. með því að þeir fóru að kaupa fasteignatryggð skuldabréf. Ásgeir segir víðs fjarri að við séum komin með lausn á hinum

Bankahrunið var að sönnu einstakur atburður þar sem heilt fjármálakerfi þróaðs ríkis féll í kapphlaupi um lausafé. En í ljós sögunnar þá var þetta enn einn hlekkurinn í langri keðju fjármálaóstöðugleika og gjaldeyrisvandræða sem hefur einkennt sögu landsins á 20. öld og það sem af er þeirri 21.



Austurstræti um 1930. Fremst til hægri er hús Íslandsbanka.

þráláta óstöðugleika í íslensku fjármálakerfi. „Bankahrunið var að sönnu einstakur atburður þar sem heilt fjármálakerfi þróaðs ríkis féll í kapphlaupi um lausafé. En í ljósi sögunnar þá var þetta enn einn hlekkurinn í langri keðju fjármálaóstöðugleika og gjaldeyrisvandræða sem hefur einkennt sögu landsins á 20. öld og það sem af er þeirri 21. Haustið 2008 var gripið til gamalkunnugs ráðs frá 1931 að loka landið inni í fjármagnshöftum. Þannig hefur sagan gengið í hring.“

Höfum við þá ekkert lært?

„Svarið við því er því miður neikvætt. Hvað sem menn vilja segja um athafnir einstakra bankamanna í aðdraganda hrunsins 2008 löglegrar sem ólöglegra eftir því hvernig dómar falla þá er orsök hrunsins miklu stærri. Hún felst í kerfisbundnum galla í íslenska hagkerfinu þar sem krónan einangrar okkur og leiðir af sér síendurtekna verðbólgu. Þetta lagast ekkert með því að loka fyrir einn lánsmöguleika af mörgum með því að banna verð-

tryggingu og breytilegir vextir hafa sína ókosti. Þeir stýrast af verðlagsbreytingum og verðbólgu og geta reynst hættulegir. Ég er ekki hrifinn af verðtryggingu en mér sýnist að hún verði áfram fylgifyiskur krónunnar. Hvað eru menn tilbúnir að gera ef ekkert annað kemur í staðinn. Eru menn tilbúnir að greiða himinháa nafnvextir til þess að tryggja að fáist fjármagn eða ætla menn að fara sömu leið og farin var 1933 að lækka vexti með handafla og kalla nýja kynslóð okurlánara til leiks. Stjórnmalamenn fást ekki til þess ræða þennan vanda eða alvöru lausnir á honum.“

Ekki samskonar bóla

En telur Ásgeir hættu á nýrri bólu. Eru einhver teikn um slíka þróun á lofti. Hann segir enga lánsfjárbólu í uppsiglingu á við þá sem óx upp á síðasta áratug og endaði í hruninu 2008 en engu síður sé hætta á að hagkerfið muni ofhitna. „Það verður meira í ætt við eldri hagsveiflur sem einkum orsökudust af sveiflum í sjávarútvegi en núna er það ferðaþjónustan sem dregur

vagninn. Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað gríðarlega hratt á síðustu fjórum til fimm árum á síðasta ári komu um 300 þúsund fleiri en árið 2014. Horfur á þessu ári virðast enn betri þar sem fjöldi ferðamanna nú á vetrarmánuðum er svipaður og á sumarmánuðum fyrir ekki svo löngu síðan. Þetta skapar ýmis vandamál og við sjáum sífellt í fréttum þegar senda þarf björgunarsveitir út til að ná í fólk uppi á heiðar og fjöll. En áhrifin á hagkerfið hafa hins vegar verið jákvæð – hingað til. Ferðaþjónustan hefur orðið til þess að styrkja gengi krónunnar og auka kaupmátt almennings. Hins vegar er erfitt að spá fyrir um framtíðina. Íslendingar hafa áður brennt sig á setja öll egg í sömu körfu og reiða sig á eina atvinnugrein – hvort sem það var sjávarútvegur eða fjármálapjónusta. Af þeim sökum má setja ákveðna fyrirvara við svona mikinn ofurvöxt ferðaþjónustu líkt og við höfum nú verið að sjá. Velta má fyrir sér hvað innviðir landsins þoli mikla aukningu til viðbótar og hve lengi þessi vöxtur getur varað Hins vegar er það ljóst að Ísland mun ávallt vera ferðamannaland sökum bæði einstæðrar náttúru og menningar og kannski er þessi grein aðeins rétt að byrja.“

Gengisfellingar kosta verðbólgu og skell fyrir heimilin

En er þá jákvætt að hafa krónuna. „Svarið við þessu getur verið bæði já og nei. Krónan hefur bæði kosti og galla. Kostirnir eru að með krónuna getum við leiðrétt hagkerfið ef svo má að orði komast með því fella gengið og endurheimta samkeppnishæfnina eftir að landsmenn hafa farið fram úr sér varðandi launahækkarnir og verðbólgu. Og það hefur sannarlega verið gert reglulega frá því að krónan varð sjálfstæð mynt við fullveldið árið 1918. Aftur á móti fylgir sá böggull skammrifi að slíkar leiðréttingar kosta verðbólgu og

Ég er ekki hrifinn af verðtryggingu en mér sýnist að hún verði áfram fylgifyiskur krónunnar. Hvað eru menn tilbúnir að gera ef ekkert annað kemur í staðinn. Eru menn tilbúnir að greiða himinháa nafnvextir til þess að tryggja að fáist fjármagn.

skell fyrir heimilin í landinu. Það fer nefnilega ekki saman að rokka með gengi gjaldmiðilsins og halda skuldavanda heimilanna í skefjum. Frá fullveldi hafa Íslendingar búið við viðvarandi óstöðugleika og síendurteknar gjaldeyriskreppur. Ef hægt er að líta á gengislækkun sem meðal er vandinn sá að nær ómögulegt er að stjórna skammtastærðinni þar sem frjalsir gjaldeyrismarkaðir láta illa að stjórn líkt og við fengum að reyna árið 2008, og raunar einnig 2006 og 2001. Ef höftin hefðu ekki verið komið á árið 2008 hefði þurft gríðarlega miklar vaxtahækkarnir til þess að rétt gjaldmiðillinn aftur af. Hins vegar var krónan rétt af með höftum og ég held að hún verði aldrei aftur haftalaus. Raunar er það svo að árin 2001 til 2008 eru einstök í fullveldissögu landsins sem eini tíminn sem krónan flaut með frjálsum hætti en annars hefur gjaldmiðlinum verið haldið á réttum kili með höftum. Peningalegt sjálfstæði er því fremur dýru verði keypt. Að sumu leyti má segja að þær aðstæður sem skópu okurlánaranna á sínum tíma séu enn til staðar.“





Öll rúnstykki á

80kr.

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Holt að hoppa í djúpu laugina

Dögg Hjaltalín festi kaup á Bókaútgáfunni Sölku á liðnu hausti af Hildi Hermóðsdóttur sem stofnaði útgáfuna árið 2000. Bókaútgáfan Salka hefur gefið út tugi titla á undanförunum árum og nokkrar nýjar bækur komu út fyrir síðustu jól. Dögg kemur ný inn í bókaútgáfuna en hefur fengist við bóksölu áður. Hún var meðal annars verslunarstjóri í bókabúð Máls og Menningar á Laugavegi 18 um tíma og rak sína eigin viðskiptabókabúð um árabil. Dögg er viðskiptafræðingur að mennt og hefur meðal annars starfað sem blaðamaður og í kynningarmálum en bækurnar hafa ekki látið hana í friði. Hún kveðst hafa verið búin að velta bókaútgáfu fyrir sér um hríð og var með nokkrar bækur á hugmyndastigi þegar hún afréð að festa kaup á Sölk. Hún er bjartsýn á frambaldið og hefur nú ráðið Önnu Leu Friðriksdóttur íslenskufraeðing sem starfaði sem verslunar- og sölustjóri í Máli og menningu og lðu til starfa við hlið sér. Dögg býr á Bráðræðisholtinu vestast í Vesturbænum í gömlu timburhúsi ásamt eiginmanni sínum Ólafi Finnbogassyni fasteignasala og dætrum þeirra.

„Nei – ég er ekki fæddur Vesturbæingur,“ segir Dögg aðspurð en hún er fædd og uppalin í Norðurmýrinni. Annars á ég ættir að rekja til Siglufjarðar, Akureyrar og Patreksfjarðar svo eitthvað sé nefnt en Hjaltalín snafnið var tekið upp af Jóni Oddssyni Hjaltalín á öndverðri

18. öld og talið er að það dragi nafn sitt af Hjaltadalnum í Skagafirði. Ég flutti vestur í bæ þegar ég fór að heiman; fyrst á Hringbrautina en síðar á Ljósvallagötuna þar sem ég var þangað til við fluttum hingað á holtið þar sem ég ætla mér að vera með fjölskyldunni, hænunum okkar fjórum og kettinum.

Hænsnagarður á Bráðræðisholtinu

Hænsnagarður á Bráðræðisholtinu. „Já - mér fannst við henda svo miklu af matarafgöngum að eins mætti nota þá í hænsnafóður og nú er svo komið að við hendum engum mat en breytum afgöngunum í egg með þessum hætti. Það er ekkert mál að vera með hænur á holtinu og það kemur á óvart hversu skemmtilegar skepnur þær eru en núna erum við með fjórar hænur. Þær hafa að vísu sloppið út oft en einu sinni en þær skila sér alltaf heim aftur. Kötturinn lætur þær líka í friði. Þær eru stærri en hann og veiðieðli hans er ekki meira en svo að hann leggur ekki í þær enda myndi hann ekki hafa neitt upp úr því annað en að goggað yrði í hann. Hann passar þær svo fyrir öðrum köttum í staðinn.“

Frábært að vera í Vesturbænum

Þú spyrð um Vesturbæinn. „Það er í einu orði sagt frábært að vera þar. Það er stutt í allt og vinir okkar og kunningjar búa flestir í nágrenninu því gamla gengið úr



Norðurmýrinni flutti að sjálfsgöðu í Vesturbæinn. Á Bráðræðisholtinu er mjög góð stemning og við eigum frábæra nággranna sem eru duglegir við að gefa hænunum. Mér finnst húsin mjög sjarmerandi og eiga öll sína sögu, t.d. er húsið sem við búum í hluti af Vorboðanum, sem var sumardvalarheimili fyrir fátæk börn en húsið ber nú nafnið Vorboðinn. Húsið var skáli og leikfimisalur sem var fluttur frá Rauðhólum og endurbýggður 1982. Varðveislugildi hússins er því mikið bæði vegna menningarsögunnar og götumyndarinnar.“

Viljum Grandaveginna áfram lokaðan

En nú er verið að byggja í kringum ykkur. Þrengir að ekki að gömlu og sögulegu húsunum. „Við erum náttúrlega að glíma við þéttingu byggðar hér eins og í öðrum grónum hverfum og er Lýsisreiturinn kominn langt á veg. Grandavegurinn hefur verið lokaður vegna þessara byggingaframkvæmda og við ætlum að berjast fyrir því að halda honum þannig til að lágmarka umferðina inn í hverfið. Borgaryfirvöld lofuðu okkur samstarfi til að draga úr óþægindum samhliða aukinni umferð þannig að ég trúi því að staðið verði við það.“

Gaf út matreiðslubók fyrir börn

„Ég er með meistaragráðu í viðskiptafræði og skrifaði meistarar-

ritgerðina mína um bókaútgáfu og bóksölu á Íslandi. Ég var í Versló og þaðan lá leiðin í viðskiptafræðina í Háskóla Íslands. Ég tók svona smá lykkju á leiðina og fór í Hústjórnarskólann sem er við Sólvallagötu og er það skemmtilegasta nám sem ég hef verið í en þar er kennt að elda, sauma, þrjóna og annað sem snýr að heimilisrekstri sem allir þurfa jú að glíma við daglega. Þetta er einnig hagnýtasta nám sem ég hef farið í og mæli ég eindregið með að fólk taki eina önn í þessum skóla.“

Plokkfiskur og grjónagratutur

„Upphafið að bókaútgáfunni má í raun rekja til þess að ég ætlaði sjálf að gefa út matreiðslubók fyrir börn og kom hún út núna fyrir jóln undir merkjum Sölku. Eldum sjálf er matreiðslubók fyrir börn á aldrinum 4 til 10 ára og við val á uppskriftum var litið til þess að hafa þær eins einfaldar og aðgengilegar og hægt var. Bókin sýnir uppskriftirnar skref fyrir skref þannig að yngstu börnin geta fylgt leiðbeiningunum. Í bókinni er hefðbundinn matur, sem er oft á boðstólum á mínu heimili við miklar vinsældir, t.d. plokkfiskur og grjónagratutur. Ég er sjálf með eina sex ára sem er mjög liðtæk í eldhúsinu og er mjög hrifin af bókinni.“

Salka er þekkt sem kvennaforlag

„Núna er ég inn á Suðurlands-

braut með starfsaðstöðu fyrir Sölk. Ekki alveg í Miðbænum eða Vesturbænum en get hjólað eða labbað í gegnum þau hverfi á leiðinni í vinnuna. Ég sakna þess auðvitað aðeins að vera ekki hér í nafla alheimsins en þarna hef eg tök á að vera með starfsaðstöðuna og lagerinn á sama stað og í því felst mikill kostur að þurfa ekki stöðugt að hlaupa á milli og mikill tímasparnaður. Ekki má heldur gleyma því að fyrir mjög stóran hluta viðskiptavina er Suðurlandsbrautin mun aðgengilegri en miðbærinn. Nei – ég er ekkert kvíðin þótt ég sé sjálf komin út í samkeppnisrekstur. Ég hef unnið við svipaðan rekstur áður og tel mig þekkja markaðinn nokkuð vel. Mér finnst ég líka vera að sameina tvö áhugamál mín viðskipti og bækur undir sama hatti og kúnstin er auðvitað sú og vera með áhugaverða titla – bækur sem fólk hefur áhuga á og vill kaupa en einnig að halda kostnaðinum niðri. Þetta er góð blanda af bókatekstum og Exelskjólum. Salka hefur verið þekkt fyrir að vera kvennaforlag og við ætlum okkur að halda áfram á svipaðri braut til að vera á en auðvitað ætlum við að gefa út fjölbreyttar og spennandi bækur.“

Verðum að skilgreina velgengi upp á nýtt

Dögg segir að bækur almenns eðlis heilli sig mikið og er nýjasta bókinn sem Salka gefur út er eftir töffarann Ariönnu Huffington, stofnanda Huffington post og eina valdamestu konu heims. „Þar fjallar hún um hvernig við verðum að skilgreina upp á nýtt hvernig við metum velgengi því peningar og völd eru orðinn úreltur mælikvarði á velgengi. Við þurfum að hlusta á okkur sjálf og boðar Arianna byltingu í hvernig við hugsum, hvernig við vinnum og hvernig við lifum. Þessa nýju sýn byggir hún á vísindalegum niðurstöðum á sviði sálfræði, svefnrannsóknna og lýðheilsu svo eitthvað sé nefnt.“

Holt að hoppa í djúpu laugina

Ég var eini starfsmaðurinn til að byrja með, var ein í öllu eins og sagt er en um áramótin fékk ég kjarnakonuna Önnu Leu til mín. Anna Lea hefur bæði reynslu af bóksölu og bókaútgáfu en hún hefur ásamt félögum sínum verið með bókaútgáfuna Lesstofuna um hríð. En það er hollt að hoppa út í djúpu laugina og það er ekkert annað að gera en að vera bjartsýnn, trúa á það sem maður er að fást við og vera fylgin sér,“ segir Dögg Hjaltalín bókaútgefandi.

Íslenskar ungubarna sængur 80x100 cm í 57 ár



DÚN & FIÐUR

Hreinsun og endurnýjun í yfir 50 ár

Laugavegi 86 • 101 Reykjavík
S: 511 2004 • E-mail: dunogfidur@dunogfidur.is
www.dunogfidur.is



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



Finndu okkur á
Facebook

Tálgarar skapa trélist á Aflagranda

Á hverjum þriðjudegi hittast nokkrir vaskir karlmenn í félagsstarfinu á Aflagranda 40. Auk þess að sýna sig og sjá aðra og fá sér kaffisopa í góðum félagsskap hafa þeir lagt þá list fyrir sig að bregða hnífum og tálga í tré.

Magnús Steingrímsson húsa-smíðameistari, sem hefur alið aldur sin á Bráðræðisholtinu rétt þar hjá annast kennslu og tilsögn í trélistinni. Hann segir flesta geta tileinkað sér handabrögðin en auðvitað verði menn misjafnlega leiknir í því eins og öðru sem menn taka sér fyrir hendur. Sumir félaganna hafa fengist við tré áður og aðrir tálgað en ekki allir. Magnús segir það ekki nauðsynlegt og því síður skilyrði að kunna eitthvað fyrir sér í tálgun. Um að gera sé að byrja og



Margvíslegur munir verða til á borðum tálgaranna á Aflagranda.

síðan skapi æfingin meistarann eins og sést á þessum myndum sem teknar voru af tálgurunum á Aflagrandi í janúar.

Hvað get ég gert fyrir þig...?

Ég heiti Sighvatur og er svona „handyman“ tek að mér að mála, parketleggja, breyta, bæta og ditta að hinu og þessu, má eiginlega segja að ég geri hvað sem er fyrir hvern sem er svo lengi sem það er löglegt og siðlegt, endilega hafið samband í síma 8498668, eða sendið mér mail : sighvatur67@gmail.com

Kveðja Sighvatur Ívarsson

Ný endurhæfingardeild

Ný endurhæfingardeild verður opnuð á Landsspítala Landakoti 1. mars næstkomandi. Um er að ræða tilraunaverkefni Landspítalans til þess að létta álagið á bráðalegudeildum spítalans í Fossvogi og á Hringbraut. Vonast er til þess að þessi tilraun takist vel og nýtist fólki sem þarf á endurhæfingu að halda.

Um er að ræða 18 rúma endurhæfingardeild fyrir aldraða of verður deildin opin alla daga vikunnar eða svokölluð sjö daga deild daga deild og ætluð fyrir sjúklinga spítalans sem þurfa áframhaldandi endurhæfingu til að geta útskrifast aftur í sjálfstæða búsetu. Í Landakoti eru fyrir þrjár sjö daga endurhæfingardeildir fyrir spítalann og ein fimm daga deild sem tekur sjúklinga úr heimahúsi til endurhæfingar í tvær til þrjár vikur. Þessi nýja



Landakotsspítali sem nú er hluti Landsspítala Háskólasjúkrahúss.

deild verður ætluð sjúklingum spítalans sem þurfa endurhæfingu í eina til fjórar vikur.

Graenir skátar

– gefðu okkur tækifæri!

Söfnunarkassar í Vesturbænum eru m.a. við:
Sundlaugina • Shell • Skátaheimili

Til hamingju KR-ingar!

Við óskum KR-ingum til hamingju með bikarmeistaratitilinn í körfuknattleik karla árið 2016. Landsbankinn kappkostar að styðja við bakið á íslensku íþróttalífi og er stoltur bakhjarl körfuknattleiksdeildar KR.



Stórtíðindi úr Örfirisey

... Reykjavíkurborg tekur Marshallhúsið á leigu fyrir listastarfsemi

Þau stórtíðindi hafa borist úr Örfirisey að Reykjavíkurborg hefur tekið þrjá hæðir í hinu svonefnda Marshallhúsi á leigu til 15 ára. Húsnæðið verður endurleigt til listastarfsemi og fyrirhugað er koma á fót veitingaaðstöðu á neðstu hæð hússins sem verður ótengt annarri starfsemi. Þeir aðilar sem starfa munu í húsnæðinu verða i8 Gallerí, Nýlistasafnið (Nýló), Kling og Bang og Stúdíó Reykjavík en hinn þekkti myndlistarmaður og hönnuður Ólafur Eliasson tengist starfsemi þess. Með þessu verður öflug lista- og menningarstarfsemi beggja vegna í Örfiriseynni en Sjóminjasafnið og höfuðstöðvar tölvufyrirtækisins CCP eru á hinum enda hennar – þeim sem nær er landi.

Marshallhúsið er í eigu HP Granda og var byggt sem síldarverksmiðja 1948. Þá höfðu Íslendingum borist fjármunir frá Bandaríkjastjórn en Bandaríkin styrktu Evrópuríki að lokinni heimsstyrjöldinni 1939 til 1945 og nefndist aðstoðin Marshallaðstoð – kennd við George Marahall hershöfðingja og síðar utanríkisráðherra Bandaríkjanna



Borgarstjóri, arkitektar og hugmyndasmiðir.

sem hafði árið áður 1947 farið til Evrópu og séð með eigin augum hversu styrjöldin hafði farið illa með álfuna. Þótt Íslendingar hafi ekki orðið fyrir beinu tjóni á mannvirkjum vegna átakanna fengu þeir að fljóta með þegar styrkveitingunum var úthlutað. Eftir að Jósef Stalin leiðtogi Sovétríkjanna

á þeim tíma bannaði ríkjum Austur Evrópu sem orðin voru leppríki Kremlarstjóranrinnar í Moskvu að taka við amerískri Marshall aðstoð fóru Vestur Evrópuríki að huga að samstarfi sem segja má að sé upphaf núverandi Evrópusamstarfs og Evrópusambandsins en í Austur Evrópu var viðskiptabandalagið



Marshallhúsið úti á Örfirisey.

Comecon til sem hvarf af sjónarsviðinu með falli Sovétríkjanna. Árið 1948 stofnuðu Reykjavíkurborg og HF Kveldúlfur sem var í eigu Thorsaranna sameignarfélagið Faxe um byggingu verksmiðjunnar og var fé úr Marshallaðstoðinni notað til þess að hluta. Þaðan er heiti hússins fengið en á þessu tíma var Suðurlandssíld að ganga inn í Kollafjörð. Verksmiðjan var í notkun í um hálfa öld eða fram undir síðustu aldamót en húsið hefur staðið tomt frá þeim tíma.

Síldarbræðsla verður glæsibygging

Sumarið 2014 hlaut HB Gerandi verðlaun Reykjavíkurborgar fyrir endurbætur sem félagið lét gera á gamla síldarbræðsluhúsinu sem þykir bæði glæsileg bygging og söguleg. Húsið er teiknað af Eiríki Einarssyni og Sigurði Guðmundssyni þekktum arkitektum þess tíma og er fjórlyft með mjórri pakhæð eftir miðjuási og byggt úrjárnbendri steinsteypu. Hönnuðir endurbóta þess eru ASK arkitektar og ÍAV annaðist verkið. Hugmyndasmiðir þessa verkefnis um nýtingu þess nú eru þeir Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárason arkitektar hjá Kurt og Pí arkitektum.

Ánægjulegt að sjá líf færast í húsið

Við undirskrift leigusamningsins við Reykjavíkurborg sagði Vilhjálmur Vilhjálmsson forstjóri HB Granda þetta samstarf marka tímamót. Hann lýsti ánægju með þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað í nærumhverfnu á Grandanum og sagði ánægjulegt að sjá líf færast í Marshall húsið á nýjan leik. Vel fari á að starfsemi HB Granda í Reykjavík sé á milli listaverksins þúfu eftir listakonuna Ólöfu Nordal sem HB Grandi lét reisa og fyrirhugaðrar listamiðstöðvar í húsnæði félagsins. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði við sama tækifæri mikið fagnaðarefni að samstarf hafi tekist um öfluga menningarstarfsemi í Marshallhúsinu. „HB Grandi mun ráðast í endurgerð hússins af myndarbrag þannig að húsið verður sannkölluð borgarprýði. Reykjavíkurborg kemur að málinu með því að leigutryggja verkefnið. Það sem skiptir þó mestu máli er að náðst hefur samstarf við spennandi og kraftmikla samstarfsaðila á myndlistarsviðinu sem áttu ákveðið frumkvæði að verkefninu. Það mun tryggja að Marshall húsið verður eitt mest spennandi myndlistar- og menningarhús borgarinnar og þó víðar væri leitað,“ sagði Dagur.



Velkomin í Íslandsbanka á Granda



KR-INGAR TIL HAMINGJU MEÐ POWERADE BIKARINN 2016



*Bæjarins
bestu
pýlsur*



1



ÁRANGUR Í UMHVERFISMÁLUM
